6. gr.

168. gr. laganna orðast svo:

1. Í dómi eða úrskurði, ef máli lýkur án dóms, skal ef það á við kveða á um skyldu ákærða til að greiða sakarkostnað sem tiltekinn er með ákveðinni heildarfjárhæð í dómi. Þar af skal sérstaklega greina þóknun verjanda og réttargæslumanns með tiltekinni fjárhæð.

2. Ákærandi skal taka saman yfirlit yfir þau útgjöld sem hlotist hafa af málinu og teljast til sakarkostnaðar. Skal það yfirlit lagt fram á dómþingi áður en mál er tekið til dóms.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara breytist 4. mgr. 54. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 10. gr. laga nr. 82/1998, þannig að á eftir orðinu „lögreglustjóra“ kemur: eða lögreglumanni.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Björn Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum um verðbréfaviðskipti, nr. 33/2003, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „28. gr.“ í 8. gr. laganna kemur: 24. gr.

2. gr.

Í stað „20. gr.“ í 23. gr. og 1. mgr. 24. gr. laganna kemur: 21. gr.

3. gr.

Í stað „28. gr.“ í 2. og 3. mgr. 28. gr. laganna kemur: 29. gr.

4. gr.

Í stað „27. gr.“ tvívegis í 30. gr. og í 1. mgr. 31. gr. laganna kemur: 28. gr.

5. gr.

Í stað orðanna „sem útgefandi skal setja sér samkvæmt ákvæði 51. gr.“ í 1. mgr. 63. gr. laganna kemur: sem útgefnar eru skv. 67. gr.

6. gr.

Í stað „49. gr.“ í 1. mgr. 66. gr. laganna kemur: 65. gr.

7. gr.

Í stað „32. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. 75. gr. laganna kemur: 28. gr.

8. gr.

Í 76. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

a. Í stað „20. gr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 21. gr.
b. Í stað „21. gr.“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 22. gr.
c. Í stað „25. gr.“ í 3. tölul. 1. mgr. kemur: 26. gr.
d. Í stað „46. gr.“ í 2. mgr. kemur: 62. gr.

9. gr.

Í 77. gr. laganna breytast tilvísanir á svofelldan hátt:

a. Í stað „41. gr.“ í 1. og 3. tölul. kemur: 55. gr.
b. Í stað „44. gr.“ í 2. tölul. kemur: 60. gr.
c. Í stað „45. gr.“ í 3. tölul. kemur: 61. gr.

10. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2005.

Gjört á Bessastöðum, 24. maí 2005.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.